



BÆNDAGLÍMA GR 2024

Keppnisskilmálar

1. Mótið er innanfélagsmót. Fjórir leika saman í liði. Leikinn er 18 holu Texas scramble höggleikur með forgjöf. Allir leikmenn slá af teig. Valið er það högg sem talið er best hverju sinni og merki sett eins nálægt legu boltans og hægt er. Næsta högg skal sá leikmaður slá sem átti höggið sem valið var. Boltinn er lagður, ekki látinn falla, þó utan brautar sé, í glompu eða torfæru ef liðið ákveður að leika boltanum frá þeim stað.
2. Eins er farið að á flöt, besti boltinn er valinn, og hinum er svo leikið frá þeim stað sem merkið er. Leikmaðurinn sem þúttar fyrst á að merkja boltann ef hann hittir ekki ofan í holuna, þó er leyfilegt að klára “stutt” þútt, þannig að samherjarnir eigi möguleika á að bæta skorið með sínu þúttum.
3. Skytt er að velja að minnsta kosti tvö teighögg frá hverjum liðsmanni. Annað hinna völdu teighögga verður að vera á par 3 holu. **Ath. fjórar par 3 holur á vellinum!**
4. Forgjöf liðs er samanlögð vallarforgjöf leikmanna, deilt með 10. Hámarks gefin forgjöf til hvers leikmanns er 36.
5. Karlar leika af teigstæði 57 og konur af teigstæði 46.
6. Verðlaun eru veitt fyrir 3 efstu sætin í liðakeppni. Náandarverðlaun veitt þeim leikmanni sem næstur er holu eftir upphafshögg á öllum par 3 holum vallarins. Einnig verða veitt verðlaun fyrir lengsta upphafshögg á 3.braut í karla- og kvennaflokki.
7. Verði tvö eða fleiri lið jöfn í verðlaunasæti, ræður betra skor á seinni 9 holunum með forgjöf. Sé enn jafnt, þá síðustu 6, 3, 2. og loks. 1. Sé enn jafnt, ræður hlutkesti.